

Fundargerð 111. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 09. mars 2017 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Jón Jóhannsson, Samúel Ingvason, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Símon Guðvarður Jónsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Brynjólfur Árnason, Sigurður Gunnar Benediktsson, og Jón Kornelíus Gíslason.

Fjarverandi: Þorsteinn Hjálmarsson, Andrés Bjarnason og Guðmundur Sigurvínsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 110
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Aðalfundur VM 7. apríl 2017
 - a. Stjórnarlaun
 - b. Endurskoðandi
 - c. Laga- og reglugerðabreytingar
 - d. Gullmerki
 - e. Uppstillinganefnd
 - f. Kjörstjórn
4. Ráðstefna 2018
5. Styrkir til nemanda og skóla
6. Lagt fram til upplýsingar
7. Styrkir til skóla.
Önnur mál

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 110

Fundargerð samþykkt og undirrituð

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

1. Kjarasamningur vélstjóra á fiskiskipum samþykktur. 37% sögðu nei og 61% já. Kjörsókn var 55,53%,
2. Kjarasamningum ekki sagt upp á almenna markaðnum.
3. Mæting á Fulltrúaráðsfundi er áhyggjuefni. Verðum að gera trúnaðarmenn virkari.
4. Tími stjórnarfunda. Ákveðið að breyta tímanum og hafa þá kl. 12 til reynslu.
5. Saga Vélstjórastéttarinnar kemur til landsins í næstu eða þarnæstu viku. Stefnt að útgáfuhófi í lok apríl eða byrjun maí.

3. Aðalfundur VM 2017

- a. Formaður lagði fram tillögu að stjórnarlaunum til að leggja fyrir aðalfund. Tillagan var samþykkt.

b. Formaður lagði fram tillögu um að Ernst & Young yrðu áfram endurskoðendur félagsins og var það samþykkt. Athuga hversu lengi hver endurskoðandi má vera.

c. Borist hefur tillaga um lagabreytingu varðandi formannskjör. Ákveðið var að vísa tillögunni til laganefndar til umfjöllunar.

Formaður lagði fram tillögu um breytingu á reglugerð vinnudeilusjóðs varðandi að hann skuli ekki fara undir 300 milljónir að raunvirði og að ca. 78 millj. verði færðar úr félagssjóði í vinnudeilusjóð verði fyrri tillagan samþykkt. Vinnudeilursjóður VM, það verður skoðað. Tillagan var samþykkt og verður miðað við launavísitölu.

d. Gullmerki, ákveðið var að 4 fengju gullmerki að þessu sinni og eru það Hjálmar Baldursson, Bragi Eyjólfsson, Guðmundur Smári Guðmundsson og Kristján Birgisson.

e. Finna þarf menn í uppstillinganefnd félagsins. Vignir er að vinna í þessu og listinn verður sendur á stjórn og síðan tekinn fyrir á stjórnarfundum 29. mars.

f. Kjörstjórn, formaður stakk upp á að halda henni óbreyttri þ.e. að Halldór og Vignir verði áfram. Tillagan var samþykkt.

4. Ráðstefna 2018

Í haust verður haldin kjararáðstefna fyrir vélstjóra á fiskiskipum. En eigum við að vera með kjararáðstefnu 2018? Menn voru á því að þessar ráðstefnur væru að skila sínu og endilega halda þeim áfram. Setja á heimasíðu þegar verður búið að ákveða dagsetningu svo menn geti tekið helgina frá.

5. Styrkir til nemanda og skóla

Formaður ræddi styrki til skóla úti á landi sem eru að senda nema á Íslandsmót iðn- og verkgreina. Hugmyndin er að styrkja þá skóla sem þurfa að fara lengra um 200 þús og hina um 100 þús. eða 150 þús og 100 þús.

6. Lagt fram til upplýsingar

- Dalbúi kostnaður 2013 – 2016
- Hjálparstarf Kirkjunnar, þakkarbréf
- Kiwanisklúbburinn Hekla, þakkarbréf
- Fundargerð aðalfundar VM 2016
- Vinnudeilursjóður ASÍ – Ný reglugerð

7. Önnur mál.

Bent var á að það þyrfti að vera hægt að prenta út af heimasíðunni lista yfir alla styrki. Núna þarf að fara inn á hvern og einn styrk og lesa um hann. Svo þyrfti líka að vera umsókn sem hægt er að fylla út á netinu, gangvirkir skjal. Formaður upplýsti að mikið væri búið að reyna að koma þessu gagnvirka skjali inn en ekki enn gengið en hlýtur að takast á endanum.

Á síðasta stjórnarfundum var rætt um hvort að menn í samninganefnd sjómanna fengu greiddan útlagðan kostnað vegna samningafundanna og spurt var hver staðan væri á því.

Formaður sagði að þeir sem byggju úti á landi fengu greiddan ferðakostnað en hann myndi skoða hvernig best væri að greiða mönnum vegna annars kostnaðar.

Óskað var eftir að formaður legði fram formlega beiðni til ASÍ um að finna leið til að ekki þyrfti að greiða skatt af greiðslum úr verkfallssjóði. Formaður sagði að búið væri að vera að vinna í þessu síðan 2015 og var alveg sammála að finna þyrfti leið.

VM er aðili að Sjómannadagsráði og framundan er að það þarf að finna nýjan formann og varaformann. Óskað var eftir að ráðið yrði kallað saman til að finna út úr þessu formannsmáli.

Ítrekað að það hefði átt að boða fund í Lífeyrisnefndinni í febrúar en það hefði ekki verið gert. Það eru mörg mál sem þarf að taka fyrir.

Óskaði eftir að VM beitti sér fyrir því þegar kemur að endanlegri áhvorðun um ráðstöfun á hækkun á lífeyrisgreiðslum að hægt verði að ráðstafa hækkuninni í séreignarsparnað, sem væri þá bundinn og ekki ráðstafanlegur fyrr en menn hefðu náð aldri til.

Fundi slitið kl. 15:05